

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 28. ágúst 2020  
UST202008-084/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Svínhagi 3 í Rangárþingi ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga 3 í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa á svæðinu 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús/bílskúr og 250 m<sup>2</sup> skemmu/fjórúsi í einni til fjórum byggingum á 16 ha landi.

**Hraun**

Í greinargerð kemur fram að á norðurhluta svæðis er Hekluhraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Í greinargerð kemur fram að forðast skal rask á sýnilegum hlutum forsögulega hraunsins á norðurhluta svæðisins. Einnig kemur fram að forðast skal allt rask á vistkerfum með hátt og mjög hátt verndargildi og velja mannvirkum stað utan þeirra svæða og forðast skal óþarfa rask.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur